

Bæjarstjórn - 1925

## FUNDARBOÐ

**1925. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 31.  
janúar 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2306213 - Skarðshlíð, breyting á deiliskipulagi**

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.janúar sl.  
Tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Skarðshlíðar var tekið til umræðu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17.1.sl og vísað til skipulags- og byggingarráðs. Um er að ræða breytingu á köflum 4.9 vegna frágangs lóða og 4.10 vegna girðinga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að skilmálabreytingu deiliskipulags Skarðshlíðar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**2. 2103328 - Öldutún, deiliskipulagsbreyting**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.janúar sl.  
Hafnarfjarðarkaupstaður sótti þann 11.03.2021 um breytingu á deiliskipulagi vegna stofnunar lóðar undir dælustöð, lóðarheitið yrði Öldutún 9d.  
Deiliskipulagsbreyting þessi var í vinnslu og auglýsingu sumarið 2021. Breytingin hefur ekki öðlast gildi þar sem ekki var auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13.12.2023 var málið tekið fyrir að nýju og samþykkt var að grenndarkynna erindið. Erindið var grenndarkynnt frá 15.12.2023 til 15.01.2024. Athugasemdir bárust. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17.1.2024 var lögð fram samantekt athugasemda og svör og vísað til skipulags- og byggingarráðs.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öldutúns og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**3. 2401214 - Samfylkingin, greiðslumiðlun, óskað upplýsinga um fyrirkomulag og samstarfsaðila bæjarins**

Lögð fram tillaga bæjarfulltrúa Samfylkingar

**4. 1801408 - Umhverfis- og auðlindastefna, aðgerðaráætlun**

Bæjarfulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu:

Heildarendurskoðun á stefnu Hafnarfjarðar í umhverfismálum  
Viðreisn leggur fram tillögu um heildarendurskoðun á umhverfis og  
auðlindastefnu bæjarins þar sem loftslagsmálin verða tekin með inn.  
Viðreisn leggur fram tillögu um það að umhverfis og auðlindastefna Hafnarfjarðar  
verði tekin til gagngerar endurskoðunar. Það er mikilvægt að þessi málaflökkur  
sé í stöðugri endurskoðun og mikilvægt að vera með skýra sýn og markmið  
þannig að markmiðum sem Ísland hefur sett sér náist. Þessi málaflökkur er sífellt  
að verða mikilvægari í stjórnámum, rekstri og almennt í huga fólks. Við í  
Hafnarfirði eigum að ganga fram fyrir skjöldu í þessum málaflökkum umhverfis og  
loftslagsmála. Hafnarfjarðarbær vill vinna eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu  
Þjóðanna, þar eru þessir málaflökkar mikilvægar stoðir.  
Fyrsta skrefið er að fara í heildstæða vinnu við endurskoðun stefnunnar. Vægi  
sveitarfélaga í þessum málaflökkum er mikið og því er ekki eftir neinu að bíða en  
að einhenda sér í þessa vinnu strax.  
Það er mikilvægt að þverpólísk sátt náist við þessa stefnumótun og því  
mikilvægt að fulltrúar frá öllum flokkum er sitja í bæjarstjórn sitji við borðið.

## Fundargerðir

### 5. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 24.janúar sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 9.janúar sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.janúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 25.janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 10.janúar sl.

b. Fundargerð stjórnar SSH frá 8.janúar sl.

c. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12.janúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 24.janúar sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanevndar frá 19.desember og 16.janúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 23.janúar sl.

Fundargerð forsetanevndar frá 29.janúar sl.

29.01.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri